



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ÍSAN1GB05

Íslenska sem annað tungumál - grunnáfangi

Kennari:	Sigprúður Harðardóttir
----------	-------------------------------

Áfangalýsing:

Grunnáfangi íslensku fyrir nemendur sem hafa annað móðurmál en íslensku og/eða eru með erlendan bakgrunn. Áhersla lögð á alla þætti tungumálsins samkvæmt Evrópska tungumálarammanum (Skilningur, talað mál, ritun) og sérstök áhersla lögð á að auka orðaforða. Viðfangsefni tengjast daglegu lífi og fjölbreyttar leiðir farnar til að ná markmiðum áfangans. Lesnir vera stuttir lestextar og sögur, hlustun, farið í einfalda ritun og kynningu á grunnþáttum íslenskrar málfræði.

Undanfari: ÍSAN1GA05.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- orðaforða sem tengist daglegu lífi og athöfnum
- algengustu orðfloknum og einföldum beygingum
- hugtökum og heitum í nærumhverfi, andheitum og samheitum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa einfaldan texta með réttum framburði og áherslum.
- greina lykilatriði og innihald stuttra texta (fréttir, sögur)
- beita einföldum málfræðireglum í talmáli og einfaldri ritun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- tjá sig munnlega og skriflega á einfaldri íslensku
- nota íslenskt mál í námi sínu og verkefnavinnu
- fara eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum

Námsefni:

- Jæja 1 og 2 (IÐNÚ)
- Verkefnablöð frá kennara
- Kæra dagbók 2 og 3 (námsefni frá MMS)
- Hitt og þetta (námsefni frá MMS)
- Fréttir, blaðagreinar og annað efni af vef
- Menntamálastofnun – léttlestrarbækur og verkefni
- Hlustun og áhorf (af vef RUV o.fl.)

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
8. janúar- 30.janúar	✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun ✓ Tónlistar- og textaverkefni ✓ Hlustun og áhorf ✓ Jæja 2 kafli 1-2	Hlustunarverkefni Ritunarverkefni Munnleg kynning Lesskilningspróf
2. febrúar - 6.mars	✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun ✓ Hlustun og áhorf ✓ Dagbókarskrif og önnur ritun ✓ Málfræðiverkefni ✓ Jæja 2 kafli 3-4	Munnlegt próf Hlustunarverkefni Ritunarverkefni
9. mars – 10.apríl	✓ Áhugasviðsverkefni. Lesið efni og unnin kynning, skrifleg og munnleg á viðfangsefni sem tengist áhugasviði nemanda. ✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun ✓ Skáldsaga (léttlestur) og verkefni ✓ Jæja 2 kafli 5-6	Hlustunarverkefni Ritunarverkefni Munnleg kynning Lesskilningspróf
13.apríl - 13.maí	✓ Lesskilningur, ritun og málnotkun ✓ Hlustun og áhorf ✓ Dagbókarskrif og önnur ritun ✓ Málfræðiverkefni ✓ Jæja 2 kafli 7	Munnlegt próf Málfræðipróf Hlustunarpróf

Sérreglur áfangans: Ekkert lokapróf er úr áfanganum. Verkefni verða lögð fyrir úr öllum námsþáttum og próf eftir atvikum. Námsmat fer fram alla önnina.

Námsmat (skilaverkefni):

Talað mál og hlustun: 30%

Lesskilningur: 25%

Ritun: 20%

Skilaverkefni - *Áhugasviðsverkefni*: 15%

Ástundun, vinnusemi, vinnulag: 10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, janúar 2026

Sigprúður Harðardóttir